



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur 2026 – Korpan

- Vallarmörk eru girðingar, hvítar línur og hvítar stikur. Á **2, 3, 9 og 27.** braut markar steinkantur á malbikuðum umferðavegi vallarmörk. Á **3.** braut eru vallarmörk norðan (hægri) bakki árinna. Á **4., 5., 6.** og **8.** braut marka malbikaðir gangstígar hægra megin brautanna vallarmörk. Á **7.** braut marka hvítir hælir hægri megin brautarinnar vallarmörk. Á **9.** braut markar malbikaður stígur, vinstra megin, vallarmörk. Á **12. og 13.** braut markar malbikaður stígur, hægra megin, vallarmörk. **Ávallt skal miða við þá brún malbiksins sem liggur nær vellinum.**
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, vökvunarkerfi, lok á ræsum og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður).
- Gervigrasstigur við hliðina 6. flötinni er grund í aðgerð og lausn er veitt samkvæmt **reglu 16.1.**
- Fallreitir, boltann þarf að láta falla innan fallreits og stöðvast innan hans:
 - 3. braut:**
 - Lendi bolti í vítasvæði, má fara á fallreit gegn einu vítahögg.
 - 6. braut:**
 - Lendi bolti í vítasvæði, má fara á fallreit gegn einu vítahögg.
 - 13. braut:**
 - Lendi bolti í vítasvæði vinstramegin má fara á fallreit gegn einu vítahögg.
 - Lendi bolti á stíg vinstramegin, má fara á fallreit **vítalaust.**
 - 14. Braut:**
 - Lendi bolti innan vítasvæðis, má fara á fallreit flatarmegin við vítasvæðið gegn einu vítahögg.
 - Ef boltinn eftir upphafshögg fer alveg yfir vítasvæðið (Korpuá), þar sem hún er merkt sem rautt vítasvæði en hoppar þaðan tilbaka inn í vítasvæðið má leikmaður taka lausn samkvæmt **reglu 17.1** en þó aldrei nær holu.
 - 18. Braut:** Lendi bolti innan vítasvæðis, má fara á fallreit gegn einu vítahögg. ATH. Fallreitir eru staðsettir fyrir framan bláa teiginn, rétt við vítasvæðið.
 - 18. Braut:** Lendi bolti í blóma/trjá beði við skálann eða fyrir aftan 18. flötina, eða handan þess, **má** leikmaður að fara á fallreit sem staðsettur er við hliðina á 10. teig, **án vítis.**
- Vítasvæði:
 - Sé vítasvæði merkt aðeins öðrumegin, merkir það að mörk þess framlengjast óendanlega.
 - Sé vítasvæði merkt með hælum inní háu grasi, miðast vítasvæðið við slátturöndina, á háa grasinu.
 - Sé vítasvæði merkt með rauðum hælum með hvítum toppi verður leikmaðurinn að athafna sig samkvæmt **reglu 17.1e.** Leikmaðurinn verður að taka lausn gegn víti samkvæmt reglu 17.1d eða 17.2.
- Grund í aðgerð:
 - Sé grund í aðgerð merkt með bláum hælum með hvítum toppi eða bláar og hvítar línur er það bannsvæði og leikmenn verða að taka fría lausn útúr grundinni.
- Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbsíðu.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9750

Félagsmenn GR geta sent póst á domari@grgolf.is og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik
Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti